

Reykjavík, 6. desember 2023

Nefndasvið Alþingis
b.t. atvinnuveganefndar
nefnasvid@althingi.is
154. löggjafarþing 2023-2024
Þingskjal 635 – 541. mál
Frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum nr. 65/2003 (forgangsraforka)

Efni: Umsögn Norðuráls vegna frumvarps til laga um breytingu á raforkulögum (forgangsraforka)

Norðurál þakkar fyrir tækifæri til að veita umsögn um drög að breytingum á raforkulögum.

Norðurál vill byrja á að ítreka athugasemdir um stöðu raforkumarkaðar á Íslandi sem fram hefur komið í athugasemdum við annað frumvarp um breytingar á raforkulögum (raforkuöryggi o.fl.) sem liggur fyrir yfirstandandi löggjafarþingi en það er skoðun Norðuráls að stöðnun á uppbyggingu raforkuinnviða og skortástand á íslenskum raforkumarkaði sé óásættanleg fyrir samfélagið allt. Ættu stjórnvöld því að leggja allt kapp á að flýta nýjum virkjunarkostum og styrkja raforkukerfið.

Norðurál tekur ennfremur undir ítarlega umsögn Samtaka iðnaðarins vegna þessa frumvarps.

Fyrirliggjandi frumvarpi virðist ætlað að stoppa tímabundið í göt vegna ofsölu raforkufyrirtækja nú þegar fyrir liggur að eftirspurn eftir raforku frá Landsvirkjun fyrir komandi ár frá öðrum raforkusölum er umfram væntingar og vatnsstaða miðlunarlóna er auk þess lág. Því stöndum við nú þegar frammi fyrir raforkuskorti.

Markmiðið „að tryggja raforkuöryggi notenda raforku, annarra en stórnotenda“ hljómar göfugt en hvergi er útskýrt nákvæmlega hvernig raforkuöryggi heimila og smærri fyrirtækja er ógnað og hvernig sú atburðarás myndi þróast að þessir aðilar raunverulega misstu aðgang að raforku að öllu leyti eða að hluta (þá vegna annarra ástæðna en atburða í flutningskerfinu eða náttúruhamfara). Áður en brugðið er á það ráð að breyta lögum þá er nauðsynlegt að skilja og skilgreina vandamálið til hlítar þannig að sem skýrust og skilvirkust lausn sé valin.

Nú eru um 20 ár síðan Landsvirkjun var leyst frá þeim skyldum sínum að tryggja almenningi næga raforku, en svo virðist að með 1.mgr. 1. gr. fyrirliggjandi frumvarps sé ætlunin að endurvekja óformlega þá skyldu á Landsvirkjun sem markaðsráðandi vinnsluaðila. Verði frumvarpið að lögum er það skylda Landsvirkjunar að ráðstafa tilteknu magni forgangsraforku inn á heildsölumarkaðinn til notenda annarra en stórnotenda. Fyrsta málsgreinin er í heild sinni mjög óskýr og hægt að túlka á ýmsa vegu. Til dæmis liggur ekki fyrir skilgreining á heildsölumarkaði og er ekki hægt að segja að á Íslandi ríki raunverulegur markaður með raforku. Eins verður ekki séð að málsgreinin taki á því þegar aðrir aðilar en markaðsráðandi aðili ofselja raforku, nema þá að Landsvirkjun verði knúin til að ráðstafa meira magni inn á heildsölumarkað til annarra notenda en stórnotenda til að koma í veg fyrir raforkuskort. Verður ekki betur séð en að slíkt leiði til þess að mismunun verði milli aðila eftir því af hvaða söluaðila

raforka er keypt. Ekki er hins vegar tekið á því eða þess gætt á nokkurn hátt að aðilar sem ekki eru í markaðsráðandi stöðu selji ekki umfram framleiðslugetu sína eða heildarframleiðslugetu í landinu. Þar sem frumvarpið er óskýrt og mögulegt að túlka það á marga vegu er engan veginn ljóst að það muni skila tilætluðum árangri.

Landsvirkjun hefur nú þegar ríkar skerðingarheimildir í raforkusamningum við stórnotendur. Það er því óþarft og óforskammað að leggja fram frumvarp sem heimilar að ofsala raforkusala á raforku miðað við framleiðslugetu kerfisins geti haft þau áhrif að raforkunotendum sé mismunað eftir því hvaða raforkusala þeir eiga í viðskiptum við.

Þegar ofsala á raforku hefur gert það að verkum að ekki er til næg raforka til að standa við gerða samninga og vænta notkun heimila og smærri fyrirtækja eru einungis tvær leiðir í boði. Annars vegar er að auka framboð og hins vegar að draga úr eftirspurn. Fyrri lausnin stendur ekki lengur til boða fyrir komandi misseri (en hefði verið það ef gripið hefði verið til aðgerða fyrr) þannig að þá stendur eftir að draga úr eftirspurn. Í stað þess að grípa til íþyngjandi og gerræðislegs inngrips stjórnvalda ætti að leita skilvirkari lausna sem markaðurinn býður upp á. Finna þarf þau fyrirtæki sem geta dregið úr eftirspurn á mestu álagstímunum, hvort sem það er innan sólahrings eða yfir mánuði eða árstíð, og greiða fyrir þá kerfisþjónustu. Þetta er besta leiðin, í þessari stöðu, til þess að lágmarka samfélagslegan kostnað og hámarka sátt. Þessa leið er tiltölulega auðvelt að útfæra og Landsnet ætti að geta gert það hratt og örugglega. Þetta tryggir að næg raforka verði til fyrir heimili og þau fyrirtæki sem hafa ekki burði til að takast á við skerta raforkuafhendingu.

Öll raforkusölufyrirtæki á Íslandi eru háð kaupum á raforku frá Landsvirkjun. Ef þetta frumvarp verður samþykkt óbreytt er augljóst að raforkusalar sitja ekki við sama borð þegar kemur að kaupum á raforku, þar sem það mun koma í hlut Orkustofnunar að forgangsraða raforku frá Landsvirkjun til raforkusala. Sumir raforkusalar munu ekki fá sama aðgang að kaupum á raforku og aðrir og munu þar af leiðandi ekki geta staðið við sínar skuldbindingar. Þá þurfa raforkusalarnir að forgangsraða sínum viðskiptavinum og hver veit hvort að heimili verði sett þar í forgang eða hvort að einfaldast (og hagkvæmast) sé fyrir þessa raforkusala að hækka gjaldskrá sína og hrekja almenna viðskiptavini sína annað. Einnig má velta upp þeirri spurningu af hverju forgangsraða má stórum fyrirtækjum sem nota mikla raforku en falla þó ekki undir skilgreiningar sem stórnotendur fram fyrir önnur fyrirtæki. Það eru jafnvel einhver þessara fyrirtækja sem gætu helst tekist á við sveigjanlega afhendingu raforku.

Virðingarfyllt,
Guðrún Halla Finnsdóttir
Framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar
gudrunhalla@nordural.is
f.h. Norðuráls